

Greinargerð og starfsáætlun Klassíska listdansskólans

2021-2022



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Greinargerð 2021	2
Vorönn	2
Sumarönn	4
Haustönn	4
Samanburður á áætlaðri rekstraráætlun og raunverulegum kostnaði	5
Markmið sem náðust á árinu	5
Starfsáætlun 2022	7
Starfsmarkmið	7
Áætlað námsskipulag	7
Vorönn 2022	9
Haustönn 2022	10
Áætlaður fjöldi nemenda á framhaldsstigi	12
Áætlun fyrir rekstur framhaldsbrautar árið 2022	13
Faglegt hæfi stjórnenda og kennara	14
Hrafnhildur Einarsdóttir	14
Ernesto Camilo	15
Yannier Jökull Oviedo	15
Ellen Harpa Kristinsdóttir	16
Starfsaðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda	16
Framtíðarsýn	16
Ítarefni	18

Greinargerð 2021

Við fengum ábendingar frá sérfræðingum í ráðuneytinu um að starfsáætlun og greinargerð hefðu getað verið sett upp á skýrari hátt á síðasta ári. Eitt af því sem gæti hafi flækt hlutina óþarflega er að við tókum mið af skólaárinu frekar en dagatals árinu. Við ætlum að leiðrétta það í þessari greinargerð og horfa til ársins 2021 frekar en skólaársins 2021-2022.

Vorönn

Vorönn hófst 1.febrúar þar sem við lengdum haustönnina vegna Covid. Það bættust nokkrir nýir nemendur á framhaldsbrautina. Vorönn lauk svo í byrjun júní vegna seinkunar.

Gestakennarar og fyrirlestrar

- Boðið var upp á Pilates tíma, með Kötlu Þórarinsdóttur, einu sinni í viku bæði fyrir nemendur sem voru meiddir og einnig fyrir alla nemendur til að fyrirbyggja meiðsli en óregluleg þjálfun eins og hefur orðið vegna Covid getur haft ýmsar afleiðingar fyrir dansnemendur.
- Í skoðanakönnun sem við lögðum fyrir framhaldsbraut kom fram að ekki allir upplifðu sig sem part af hópnum, sem er skiljanlegt þar sem framhaldsbrautin okkar er mjög blönduð af nemendum sem hafa stundað nám í Klassíska listdansskólanum frá unga aldri og nýrra nemenda. Til að hrista hópinn saman fengum við Ásrúnu Magnúsdóttur til að vera með vinnusmiðju fyrir nemendur eftir vetrarfríð. Ásrún vinnur mjög vel með ólíkum dönsurum og finnur alltaf leið til þess að allir njóti sín. Það er líka mikilvægt fyrir nemendur að fá fjölbreytta reynslu og mismunandi kennara.

Sýningar og tækifæri

- Hin árlega sýning á Safnanótt féll niður.
- Klassíski listdansskólinn tók þátt í Kynningardögum Samtaka sjálfstæðra listaskóla 18.-19. febrúar og þar frumsýndu nemendur í Danssmíði áfanga dansmyndina Sófadans. Hér er hægt að sjá myndina sem lýsir vel ástandi dansara á tímum Covid:
https://vimeo.com/511535213/041f7bfb43?fbclid=IwAR0I7cCv3-j_6hSfxLRvluJt42nyKEyilHtny1I7xeE8nSwlvJxzcZkcc0
- Í febrúar tóku nemendur einnig þátt í sóló undankeppni Prix du Nord og stóðu sig frábærlega og tveir nemendur hlutu þátttökurétt í lokakeppninni sem átti að fara fram í Svíþjóð í júní. En var haldin rafræn.
- Í maí tóku nemendur þátt í undankeppni Dance World Cup, og fengu allir nemendur okkar þátttökurétt í lokakeppninni, þar að auki vann Embla Líf Hreinsdóttir nemandi við framhaldsbraut verðlaun fyrir besta sólóinn í hennar aldursflokki.

- Vorsýning var haldin í Borgarleikhúsinu þann 30.maí sem var mjög kærkomið fyrir nemendurna. Allir fóru í hraðpróf til að geta tekið þátt í sýningunni, við máttum ekki fylla salinn vegna samkomutakmarkana en gátum boðið upp á streymi fyrir þá sem ekki komust á sýninguna.- Hér má sjá streymi af sýningunni:<https://www.skjaskot.is/dansgardurlive?fbclid=IwAR0mZY3AseI1XLwLKb3Rjl2e1kWv70JRFH0sBo1szRjBFFitBXY8OY7K6JA>
- 12.júní var Útskriftarsýningin haldin í skólanum á Grensásvegi. Sýningin var blönduð af lifandi dansverkum, videoverkum og innsetningum og var sýningin skipulögð af útskriftarnemendunum.
- Ásdís Karen Árnadóttir og Ísold Emma Ívarsdóttir tóku þátt í Prix du Nord með því að senda upptöku af sóló-unum sínum og stóðu sig mjög vel þótt auðvitað hafi verið svekkjandi að komast ekki til Svíþjóðar.
- Diljá Þorbjargadóttir, Embla Líf Hreinsdóttir og Sylvía Kristín Ívarsdóttir sendu myndbandsupptöku af sínum sóló-um í lokakeppni Dance World Cup í ágúst en keppnin var haldin í Englandi en bauð einnig upp á að þátttakendur tækju þátt með myndbandsupptöku. Þær stóðu sig einnig mjög vel og var Embla Líf í 5. sæti í sínum flokki

Stöðumat

- Sjálfsmat fyrir nemenda var lagt fyrir þau í mars.
- Kennaramat fór fram um miðja önn.
- Vorpróf voru haldin í apríl
- Nemendur fengu skriflega umsögn.

Útskrift

- Klassíski listdansskólinn hefur þróað prógram til að aðstoða útskriftarnemendur við umsóknir í háskólanám. Þessa önnina hafa nánast allar umsóknir verið rafrænar og því hafa nemendur tekið upp efni til að senda út í skóla og kennarar hafa aðstoðað við að undirbúa þessar umsóknir.
- 7 nemendur útskrifuðust vorið 2021. 4 af klassískri braut og 3 af nútímadansbraut. Tveir nemendur fóru í framhaldi í dansnám í Listaháskóla Íslands, þrír nemendur fóru í FWD ungmennadanshópin. Fjórir af þessum nemendum eru einnig að aðstoða og kenna dans á yngri stigum í skólanum. Þá er einn nemandi komin inn í pre-professional klassískan dansflokk sem starfar með atvinnu balletflokknum Ballet Cymru í Bretlandi.

Sumarönn

Klassíski listdansskólinn bauð aftur upp á sumarskóla í samvinnu við Menntaskólann í Hamrahlíð og með styrk frá Menntamálaráðuneytinu. Boðið var upp á klassískan ballet, nútímadanstækni og spuna áfanga. Við ákváðum að þjappa náminu meira saman og kenna fulla kennslu yfir 5 vikur í stað þess að dreifa yfir lengra tímabil eins og árið áður. Sumarnámið var því sambærilegra sumarskólum sem boðið er upp á erlendis þar sem það er dansað allan daginn. Námið var mjög krefjandi og skemmtilegt og var góð þátttaka, 50 manns skráðu sig og luku 34 nemendur áföngunum. Sjá nánar í Greinagerð sumarönn KLS 2021 sem send var á Mennta- og menningarmálaráðuneytið í júlí 2021.

Haustönn

Haustönnin byrjaði svo í lok ágúst þar sem var haldið áfram að passa sérstaklega upp á hópastærðir vegna Covid, bil á milli tíma í stundatöflu og að spritt væri aðgengilegt auk þess sem kennarar þrifu stangir og búnað eftir hverja æfingu.

Covid

- Covid hélt áfram að hafa áhrif á námið og voru nemendur að detta inn og út úr náminu vegna sóttkvíar og smita. Og sumir nemendur voru lengi að jafna sig eftir Covid.
- Við héldum áfram að bjóða upp á Pilates tíma, með Kötlu Þórarinsdóttur, einu sinni í viku bæði fyrir nemendur sem eru meiddir eða að jafna sig eftir covid og einnig fyrir alla nemendur til að fyrirbyggja meiðsli. Pilates þjálfun er því orðin fastur liður í stundatöflu framhaldsbrautarinnar.

Sýningar

- Framhaldsbrautin tók þátt í Unglist, 6.nóvember í Borgarleikhúsinu.
- Framhaldsbrautin var með gestaatriði á sýningu ungmennadanshópsins FWD, 21.nóvember á Grensásvegi.
- Dansgarðurinn setti upp Hnotubrjótinn 30.nóvember í Borgarleikhúsinu. Og voru sýndar tvær sýningar. Sýningin var glæsileg og hátíðleg og hægt er að sjá sýninguna hér: <https://youtu.be/UXckSZqUfUs>
- Dansmyndin Hnotubrjóturinn 2020 var aðgengileg á Krakkarúv yfir hátíðarnar. Enn er hægt er að sjá myndina hér: <https://www.ruv.is/krakkaruv/spila/hnotubrjoturinn/32670/9ni2v1>

Stöðumat

- Stöðumat og próf voru haldin í desember.
- Nemendur fengu munnlega umsögn frá kennurum í desember og þar gátu nemendur, foreldrar og kennarar spjallað saman um næstu skref.

Gestakennarar og fyrirlestrar

- Finnski samtímadanskennarinn Jarkko Mandelin frá Kinetic Orchestra kom sem gestakennari í desember. Jarkko er þekktur fyrir sérstakan hreyfistíl sem sameinar akrobatískt "partnering" og sterka listræna sýn.
- Alexey S. Mandrikov rússneskur ballet meistari frá Bolshoi ballet kom sem gestakennari í desember.
- Nemendur fengu kynningju frá RED-Í rannsóknarverkefningu og var boðið að taka þátt. Menntavísindasviði Háskóla Íslands stendur á bak við rannsóknina sem felst í því að að meta næringarástand íslensks íþróttafólks yfir 15 ára og eldri sem æfir og keppir á afreks- og framhaldsstigi í sinni íþrótt/grein

Námskeið fyrir kennara

Þar sem ekki er til fjármagn fyrir námskeiðum og endurmenntun kennara höfum við hingað til leitað uppi námskeið sem okkur hefur boðist að kostnaðarlausu. Því miður var ekkert slíkt í boði á þessari önn. Brugðum við því á það ráð að hafa vinnustofur innan skólans, þar sem kennarar og stjórnendur deildu kennsluáferðum sín á milli. Þetta reyndist mjög vel og munum við halda áfram að vinna náið saman á þennan hátt.

Samanburður á áætlaðri rekstraráætlun og raunverulegum kostnaði

Ársreikningur er ekki tilbúin og munum við senda þennan kafla þegar við fáum hann í hendurnar.

Markmið sem náðust á árinu

Í síðustu starfsáætlun var kafli um framtíðarsýn skólans, þar sem við settum okkur markmið sem við viljum ná í framtíðinni.

Við erum alltaf að vinna að þessum markmiðum og á síðasta ári náðum við áfanga í ákveðnum markmiðum.

Eitt af markmiðunum var að bæta samstarfs Klassíska listdansskólans við Menntaskólann í Hamrahlíð við gerð stundatöflu, til þess að gera stundatöfluna þægilegri fyrir nemendur sem stunda nám á listdansbraut og hvetja þar með nemendur til að skrá sig á listdansbraut MH. Samhliða því að brjóta upp námið hjá okkur og lengja annirnar settum við upp stundatöflu sem gefur þeim sem eru á listdansbraut fleiri daga í vikunni þar sem þau geta æft fyrr um daginn og verið búin fyrr. Við höfum verið í nánú samtali við stjórnendur MH og þá nemendur sem eru á listdansbraut MH við uppsetningu stundatöflunnar, við munum hefja þessar breytingar strax á vorönn 2022.

Annað markmið var að setja upp sóló áfanga fyrir nemendur á framhaldsbraut bæði á Klassískri- og nútímadansbraut. En það var ósk nemenda sérstaklega sem eru að útskrifast því þegar þau sækja um meira nám í dansi þarf yfirleitt að vera með undirbúinn sóló fyrir inntökupróf.

Nemendur á klassískubrautinni hafa alltaf fengið sóló-a fyrir sólókeppnina svo þessi breyting var meira fyrir nemendur á nútímadansbrautinni. En Ernesto Camilo hefur unnið með þeim og samið sérstaka sóló-a sem sýnir styrkleika hvers nemanda, ásamt því að ýta þeim aðeins út fyrir þægindarammann og margir hafa skráð sig í undankeppni Dance World Cup með sóló-inn sinn. En það er frábært tækifæri til að fá að dansa sóló á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu.

Enn eitt markmiðið var að byggja upp heilsueflandi skóla og leggja aukna áherslu á andlegu hliðina. Við sjáum fyrir okkur að nemendur skólans geti fengið aðgang að sjúkraþjálfara og sálfræðingi í gegnum skólann þar sem við byggjum gott teymi í kringum nemendurnar og vinnum öll vel saman að markmiðum bæði fyrir hópinn og einstaklinga. Við erum þegar komin með sjúkraþjálfara, Vilmundur Vilhjálmsson, hjá MT stofnunni sem er einmitt staðsett í næstu götu við okkur, hann er tilbúinn að vinna með okkur og mun heimsækja okkur einu sinni í mánuði þar sem kennarar og nemendur geta fengið góð ráð. Þá erum við einnig að hefja samtal við nýtt fyrirtæki Margrétar Láru, Sjálfsagi, sem við viljum kanna hvort það sé einhver möguleiki á samvinnu þar.

Starfsáætlun 2022

Starfsmarkmið

Stefna skólans er að veita þeim nemendum sem þess óska, alhliða þroska, menntun, efla virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi og þjálfun í listdansi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi á for-, grunn- eða framhaldsskólastigi. Hlutverk skólans er einnig að mennta og búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám í háskólum á sviði listarinnar. Skólinn einsetur sér einnig að styðja við námshvöt nemenda sinna, efla námsgleði og vinnuanda og stuðla þannig að menntun þeirra.

Klassíski listdansskólinn er viðurkenndur af Mennta- og menningarmálaráðuneyti og starfar eftir aðalnámskrá sem samþykkt er af ráðuneytinu og menntastofnun, sem gefur nemendum á framhaldsbraut tækifæri til þess að fá námið metið sem hluta af námi þeirra í framhaldsskólum. Markmið skólans hefur frá upphafi verið að veita nemendum sínum listdansnám í hæsta gæðaflokki í skóla þar sem fagmennska kennara byggir á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu og reynslu. Kennarar veita nemendum sem þess óska einstaklingsbundna ráðgjöf varðandi áframhaldandi nám og námsval að námi loknu. Skólinn leggur áherslu á menntun nemenda og vellíðan með áherslum sem endurspeglast í slagorði skólans:

Hvatning – Metnaður – Árangur

Áætlað námsskipulag

Á haustönn 2021 fengum við athugasemd frá nemendum og foreldrum að álagið í náminu væri of mikið. Þetta eru svo sem ekki nýjar fréttir, en þetta hefur verið viðloðandi vandamál eftir styttingu framhaldsskólanna. Síðustu tvö sumur höfum við geta nýtt okkur styrkinn fyrir sumarskólann og hvöttu við nemendur okkar til að nýta sér hann til að létta undir náminu með því að klára nokkra áfanga um sumarið. Við hugðumst halda áfram með sumarönnina en við ákváðum að taka aðra nálgun á þetta þar sem álagið virðist vera gífurlegt sérstaklega eftir þetta Covid tímabil. Við ákváðum því að lengja annirnar og dreifa álaginu þannig. Svo vorönn mun hefjast í byrjun janúar og ljúka í lok júní og haustönn mun hefjast í byrjun ágúst og ljúka um miðjan desember. Þetta fyrirkomulag hentar dönsurum mun betur þar sem þau taka bara einn mánuð í sumarfrí í stað þriggja. Þá munum við dreyfa náminu yfir lengri tíma, gefa nemendum frí þegar það eru próf í bóknámshlutanum og minnka þannig álagið á nemendur án þess að skera af náminu. Við höfum nú þegar komið

Þessu kerfi af stað og er það strax að reynast vel fyrir nemendur. Nemendur og foreldrar hafa lýst yfir mikilli ánægju með þessar breytingar.

Framhaldsbrautin skiptist í klassíska listdansbraut og nútíma- samtíma listdansbraut. Nemendur eru í danstímum 3 - 4,5 klst. á dag 6 daga vikunnar, laugardaga leggjum við meiri áherslu á skapandi vinnu og æfingar fyrir sýningar. Námið er einstaklingsmiðað og er því sérsníðið til að styðja og styrkja nemendur með ólíkar þarfir og styrkleika á sama tíma og við leggjum mikla áherslu á að nemendur upplifi sig part af fjölbreyttum hópi listdansnema.

Nýtt fyrirkomulag með lengingu skólárs gefur okkur einnig tækifæri á að kenna suma áfanga í lotum, sem hentar mun betur og gefur okkur einnig tækifæri á að fá inn fleiri gestakennara.

Kennsla í listdansi beinist annars vegar að því að efla líkamlega færni nemenda og hins vegar að stuðla að uppeldi skapandi og sjálfstæðra listamanna. Námið á allt í senn að opna huga nemenda, styrkja þá og efla líkamlega og andlega og hvetja þá til stöðugra framfara. Lögð er áhersla á samfeldum og eðlilegum stíganda námsins til að efla gæði námsins og ná sem bestum árangri.

Námið er að mestu leyti verklegt, fyrir utan bóklega hluta í vissum áföngum. Hver danskennslustund byrjar á upphitun til þess að varna meiðslum og liðka líkamann fyrir álagið. Í grunnæfingum í ballett eða svokölluðum stangaræfingum hefur nemandi stuðning af þar til gerðri stöng. Grunnæfingar má einnig gera án stuðnings, úti á miðju gólfi eins og tíðkast í nútímalistdanstímum. Allt eru þetta mjög formfastar æfingar með ólíkum tilbrigðum. Einnig er ólíkum hreyfingum bætt inn í þjálfunina eftir þörfum, sem hjálpa nemendum til að þróa hreyfingarnar og ná tæknilegum atriðum sem eru mikilvægar í listdansi. Grunnæfingarnar eru í eðli sínu mjög tæknilegar og að sama skapi uppbyggilegar fyrir nemendurna. Í kjölfar grunnæfinga er haldið áfram með mun flóknari hreyfingar. Loks er unnið að flóknum samsetningum, sem eru með ólíkar áherslur sem miðast við getu og styrk nemanda.

Nemendur Klassíska listdansskólans er mjög fjölbreyttur og skemmtilegur hópur. Nemendum er skipt í mismunandi hópa, stundum eftir getu en einnig eftir félagslegum tengslum. Kennarar eru oft með einstaklingsmiðaða þjálfun og fylgjast mjög vel með líðan og getu hvers og eins nemanda. Auðvelt er að ná samtali við kennara og kom meðal annars fram í nafnlausri könnun sem sett var fyrir framhaldsbrautina í febrúar 2021, en þar sögðust 55% vera mjög sammála að samskipti milli síns og kennara Klassíska listdansskólans vera góð og 40% voru sammála og 5% voru ekki viss.

Á hverri önn tekur skólastjóri einstaklingsviðtal við nemendur til að taka stöðuna á hverjum nemanda og fara yfir markmið þeirra og áherslur. Mikil áhersla er lögð á að fylgja nemendum eftir í náminu og vera í nánú samtali. Þá er nemendum á útskriftarári veitt sérstök ráðgjöf við áframhaldandi nám og atvinnumöguleika í dansinum.

Vorönn 2022

Kennsla

Kennslan hefst í byrjun janúar og lýkur 23 vikum síðar, þar inn í fellur vetrarfrí sem fylgir grunnskólum Reykjavíkur auk páskafrís. Kenndir eru áfangar samkvæmt listdansbraut MH auk þess sem við bjóðum nemendum upp á mismunandi aukanámskeið sem styrkja þau sem dansara og listamenn. Á vorönn er lögð áhersla á framkomu og túlkun í tækni tímum og í danssmíði er lögð áhersla á að setja saman dansverk fyrir lok annar. Um miðja önn kemur gestakennari og heldur vinnusmiðju þar sem áherslan er á framkomu og að ýta nemendum út fyrir þægindaramman. Útskriftarnemendur fá aðstoð við að sækja um framhaldsnám.

Námsmat

Um miðja önn er kennaramat og sjálfsmat nemenda, síðasta vikan endar með vorprófum. Prófdómarar koma og horfa á próftímann. Eftir tíma gefa prófdómarar kennara sínar niðurstöður og farið er yfir hæfniviðmið og einkunnir ákveðnar. Nemendur fá skriflega umsögn frá kennara. Nemendur eru misjafnir og sumum þykir betra að fá viðtal og öðrum finnst betra að fá skriflega umsögn og því skiptum við því á milli anna hvernig kennarar skila umsögnum til nemenda. Við leggjum mikla áherslu á endurgjöf og umsagnir, það veitir nemendum miklu meiri innsýn inn í hvað þau þurfa að vinna betur í og hvað þau eru búin að ná árangri, heldur en tölustafir eða bókstafir. Við fylgjum því ekki einungis hefðbundinni einkunnargjöf þar sem okkar reynsla er að umsagnir og endurgjöf gefur nemendum aukið sjálfstraust og skilning á náminu.

Sýningar og tækifæri

Útskriftarnemendur tóku þó þátt Vetrarhátíðinni í vekefninu, Upptaktur að dansi, í Hörpu 6.febrúar. Hér er hægt að sjá viðtal við Salóme Sól Norðkvist nemanda Klassíska listdansskólans (2:10):

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/hullumhae/30713/9jc3rl>

Opinn dagur 24. febrúar í samstarfi við Samtök sjálfstæðra listaskóla, þar gefst nemendum tækifæri á að deila með almenningi vinnu sinni á hefðbundnum skóladegi.

Reglulega höldum við minni sýningar fyrir aðstandendur nemenda til að þau fái æfingu í framkomu.

Nemendur á Klassískri listdansbraut taka þátt í sóló undankeppni Prix du Nord 12.mars.

Nemendur taka þátt í undankeppni Dance World Cup með mismunandi dansstíla 14.mars

26. mars nemendur af framhaldsbraut koma fram á afmælishátíð FÍLD- Félagi Íslenskra listdansara.

4. apríl Nemendur af framhaldsbraut koma fram á danssýningu Barnamenningarhátíðar í Eldborg, Hörpu.

26. apríl heldur skólinn veglega vorsýningu á stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu.

Útskriftarsýning fer fram eftir vorpróf framhaldsdeildar, þar sem nemendur sýna útskriftarverk og sjálfstæð verkefni.

12.- 16. júní fara þeir nemendur sem komast áfram í undankeppni fyrir Prix du Nord til Svíþjóðar ásamt tveimur kennurum til að taka þátt í aðalkeppninni sem haldin er í Óperuhúsinu í Gautaborg.

24. júní- 2. júlí fara þeir nemendur sem komast áfram í undankeppni fyrir Dance World Cup til Spánar ásamt kennara og foreldrum til að taka þátt í aðalkeppninni sem haldin er í San Sebastian.

25. Júní- 2. júlí munu 6 nemendur af framhaldsbraut fara til Danmerkur ásamt tveimur kennurum til að taka þátt í Mindformance, evrópsku samstarfsverkefni, þar sem ungt listafólk frá Danmörku, Íslandi, Ítalíu, Makedóníu og Serbíu koma saman til að kynnst menningu hvors annars og skapa saman. Þemað er andlega heilsa ungmenna.

Nemendur fá aðstoð við að sækja um sumarskóla erlendis. Þá verður einnig boðið upp á sumarnámskeið hjá okkur á Íslandi fyrir þá sem ekki hafa tæk á að fara erlendis.

Haustönn 2022

Kennsla

Kennslan hefst í byrjun ágúst og varir í 19 vikur, þar inn í fellur vetrarfrí sem fylgir grunnskólum Reykjavíkur. Kenndir eru áfangar samkvæmt listdansbraut MH auk þess sem við bjóðum nemendum upp á mismunandi aukanámskeið sem styrkja þau sem dansara og listamenn. Í fyrstu vikunni á hverri önn

verður lögð áhersla á hópefli. En mikilvægt er að hópnum líði vel saman svo allir nemendur ná sem mestum árangri. Kennarar og stjórnendur taka virkan þátt í hópefli þar sem mikilvægt er að ríki gott traust milli nemenda og kennara/stjórnenda. Á haustönn er lögð áhersla á að auka tækni nemenda og undirbúa prófverkefni í tækni tímum. Í Spuna og Danssmíði er lögð áhersla á rannsóknarvinnu og tilraunir við að þróa hreyfingar. Um miðja önn bjóðum við upp á vinnusmiðju með gestakennara, þessi vinnusmiðja mun vera með áherslu á tækni frá nýju sjónarhorni.

Námsmat

Um miðja önn er kennaramat og sjálfsmat nemenda.

Í lok annarinnar þreyta nemendur á framhaldsbraut haustpróf. Prófdómarar fylgjast með próftímanum og meta nemendur. Eftir tíma gefa prófdómarar kennara sínar niðurstöður og farið er yfir hæfniviðmið og einkunnir ákveðnar. Eins og kom fram hér fyrir ofan þykir okkur umsagnir mjög mikilvægar fyrir nemendur.

Umsögn kennara er gefin í viðtalstíma eftir prófið þar sem kennari og nemandi geta spjallað saman um helstu styrki nemandans og hvað þarf að vinna betur í.

Sýningar

Framhaldsbraut tekur þátt í Unglist um miðja önn.

Jólasýningar skólans eru haldnar síðustu helgina í nóvember, þar sem allir nemendur fá tækifæri til að koma fram. Sýningarnar eru haldnar í húsnæði skólans að Grensásvegi eða í Borgarleikhúsinu. Annað hvert ár sýnum við jólaverkið Hnotubrjóturinn í Borgarleikhúsinu, en hitt árið höldum við fleiri og minni sýningar í sýningarsal skólans við Grensásveg. Okkur þykir mikilvægt að nemendur fái að upplifa báðar þessar útgáfur af jólasýningum þar sem undirbúningurinn og sýningarnar sjálfar bjóða upp á tvennskonar ólíkar upplifanir sem hafa hvor um sig sína kosti. Að vera á stóra sviðinu er mikilvæg upplifun og lærdómsríkt að vera partur af uppsetningu á ballet verki í fullri lengd þar sem allir hópar skólans vinna saman. Sýningarnar á Grensásveginum gefa nemendum þó tækifæri til að sýna oftar, það skapast mjög skemmtileg stemmning þessa sýningardaga og meiri nánd við áhorfendur. Þá geta nemendur lagt meiri áherslu á danstæknina þá önn þar sem það fer minni tími í stórar hópæfingar fyrir sýninguna. Önnur ástæða fyrir þessu eru kostnaðarliðurinn, en það er mjög kostnaðarsamt fyrir skólann að setja upp sýningu í Borgarleikhúsinu og reiðum við okkur á miðasölu til að koma til móts við sýningarkostnað. Á Grensásveginum gefst okkur tækifæri á að bjóða áhorfendum sýningu að kostnaðarlausu sem hefur verið mjög þakklátt.

Áætlaður fjöldi nemenda á framhaldsstigi

Áætlaður nemenda fjöldi fyrir vorönn 2022 eru 28 nemendur, 14 á klassískri braut og 14 á nútímadansbraut.

Áætlaður nemenda fjöldi fyrir haustönn 2022 eru 28, 17 á klassískri braut og 11 á nútímadansbraut. Þessi áætlun miðar einungis út frá nemendum sem eru nú þegar í Klassíska listdansskólanum en oft bætast við nemendur frá öðrum skólum líka.

Gert er ráð fyrir að nemendur séu í fullu námi og taki 30 einingar á ári, en þó eru alltaf einhverjir sem taka námið á lengri tíma og svo eru aðrir sem taka fleiri einingar en þau þurfa til að útskrifast.

Við áætlum að á klassískri braut munu vera í heildina 465 einingum lokið á árinu og á nútímabraut 289 einingum.

Eftir að hafa starfað samkvæmt nýrri námskrá Listdansbrautar MH í tvö ár höfum við áttað okkur á að það vantar fleiri áfanga í kerfið. En nemendur taka mun fleiri svokallaða repertoire tíma þar sem þau eru að vinna að verkum fyrir sýningar og keppnir. Þessi vinna er mjög mikilvæg ef nemendur ætla sér út í atvinnumennsku í faginu og því ekki hægt að skera af tímafjölda. Tímafjöldinn sem lagður er í þessa áfanga er langt umfram tímafjölda áfanga í námsskrá. Við köllum því eftir samtali við Menntaskólann í Hamrahlíð og Skóla- og barnamálaráðuneyti vegna viðbótar í námskrá Listdansbrautar MH svo nemendur fái raunverulegar einingar fyrir námsframlag sitt.

Inntökupróf fyrir haustönn 2022 verður haldið í apríl og júní.

Áætlun fyrir rekstur framhaldsbrautar árið 2022

Áætluð skólagjöld	
Vorönn 2022	2.452.430
Haustönn 2022	2.909.200
Samtals	5.361.630
Styrkur fyrir framhaldsbraut frá MRN	46.746.000
Samtals innkoma	52.107.630
Laun kennara og stjórnenda	37.182.630
Leiga	14.400.000
Afsláttur af leigu	-3.600.000
Ritföng og prentun	50.000
Sími og burðargjöld	275.000
Auglýsing og markaðssetning	1.000.000
Ræsting, Öryggisgæsla o.fl.	2.000.000
Endurskoðun ársreiknings	800.000
Samtals útgjöld	52.107.630

Til að láta reksturinn ganga upp hefur Guðbjörg Astrid Skúladóttir, eigandi Grensásvegs 14 og eigandi skólans, styrkt skólann og gefið afslátt af leigunni.

Kostnaður við sýningar er ekki sýndur hér en hann er greiddur upp með miðasölu og aukavinnu kennara og stjórnenda sem þau vinna í sjálfboðavinnu.

Annar kostnaður sem er ekki áætlaður hér er tækjakostnaður, búninga kaup og viðhald búninga en sá kostnaður er breytilegur á milli ára.

Við viljum bjóða kennurum okkar upp á námskeið og endurmenntun en það er því miður ekki fjármagn fyrir því. Hingað til höfum við leitað uppi námskeið sem okkur hefur boðist að kostnaðarlausu t.d. bauðst kennurunum að sækja fyrirlestur um átröskun og menningarläsi haustönn 2020. Og voru nánast allir kennarar skólans sem nýttu sér það.

Hingað til höfum við ekki geta greitt kennurum laun fyrir námsferðir með nemendum, því þurfum við að leita annara styrkja með og gerir það erfitt að veita öllum nemendum sömu tækifæri þar sem ólíkt er á milli ára hvort hægt sé að ná í slíka styrki.

Faglegt hæfi stjórnenda og kennara

Skólastjóri ásamt deildarstjórum hafa yfirsýn yfir kennslu, stýra faglegu starfi, gæðastjórnun og annast námskrágerð. Kennarar skólans hafa góða og fjölbreytta menntun í listdansi sem gerir þá afar hæfa til að kenna þá áfanga sem boðið er upp á í framsýnni skólanámskrá sem og tilfallandi námskeið sem í boði eru. Kennararnir hafa flestir einnig verið eða eru starfandi danslistamenn á alþjóðavettvangi sem er mjög jákvætt og sýnir þá sterku tengingu sem skólinn hefur við dansheiminn.

Hrafnhildur Einarsdóttir

Hrafnhildur Einarsdóttir tók við skólastjórn Klassíska listdansskólans haustið 2017. Sama ár stofnaði hún Dansgarðinn sem er regnhlífarverkefni sem heldur utan um Klassíska listdansskólann, FWD Youth Company, Dans fyrir alla og Óskandi. Hrafnhildur útskrifaðist með BA í listdansi og danssmíði frá Trinity Laban í London vorið 2009. Hún hefur unnið sem sjálfstæður danslistamaður og danshöfundur, bæði með sín eigin verkefni en einnig hefur hún unnið með danshópum bæði hérlendis og erlendis. Hún er einnig partur af Interferencias research project on performance art. Hrafnhildur hefur setið í stjórn Reykjavík Dance festival frá árinu 2011 en einnig hefur hún setið í stjórn FÍLD- Félags íslenskra listdansara og stjórn Samtaka um danshús. Hrafnhildur situr í vinnuhópi FÍLD sem vinnur nú að dansstefnu fyrir 2022-2032. Hrafnhildur hefur kennt lengi við Klassíska listdansskólann, en hún hefur einnig kennt námskeið fyrir börn og fullorðna á Ítalíu, Svíþjóð, Noregi og Mexíkó. Hrafnhildur brennur fyrir því að byggja upp sterkara danssamfélag á Íslandi og halda áfram að byggja upp menntakerfið í listdansi fyrir börn og unga dansara hérlendis auk þess að auka aðgengi að dansi fyrir almenning og öll börn.

Ernesto Camilo

Ernesto Camilo tók við sem aðstoðarskólastjóri Klassíska listdanssólans haustið 2018. Hann útskrifaðist úr La Escuela Nacional de Arte (Listdansskóli á Kúbu) sem danskennari og dansari.

Árið 2008 hóf hann störf við dansflokkinn „Danza Espiral“ og var þar í þrjú ár. Camilo fór til Mexíkó sem kennari og atvinnu dansari árið 2010. Árið 2011 kom hann fyrst til Íslands þar sem hann tók þátt í mismunandi sýningum og kenndi í ólíkum skólum. Árið 2013 hóf hann störf sem kennari við Klassíska Listdansskólann. En Camilo hefur mikla reynslu af því að kenna listdans á ólíkum stigum, auk þess sem hann hefur samið fjölda dansverka fyrir listdansnemendur á öllum aldri. Árið 2016 vann Camilo fyrir Borgarleikhúsið í Mamma Mia söngleiknum. Á þeim tíma lék Camilo líka í áramótskaupinu. Camilo hlaut verðlaun í alþjóðlegri danskeppni í Riga með verkið sitt Ritmo. Árið 2019 hlaut Camilo tilnefningu til Grímunnar sem dansari ársins og sama ár var hann einnig tilnefndur sem leikari ársins á Sögur -verðlaunahátíð barnanna. Hann hefur tekið þátt í ýmsum uppfærslum hjá Íslenska dansflokknum sem dansari, þá hefur hann einnig dansað og verið æfingastjóri dansara hjá Íslensku Óperunni í La Traviata, Slá í Gegn hjá Þjóðleikhúsinu, Söngvakeppni sjónvarpsstöðvanna, leikari í Kardemommubænum hjá Þjóðleikhúsinu, leikari í Ég get hjá Þjóðleikhúsinu, dansari og sviðshreyfingar í Rómeo og Júlíu hjá Þjóðleikhúsinu auk þess sem hann hefur dansað og sýnt í fjölda verka eftir sjálfstætt starfandi danshöfunda.

Yannier Jökull Oviedo

Yannier Jökull Oviedo er yfirkennari og áfangastóri yfir klassískri listdansbraut við Klassíska listdansskólann. Yannier er fæddur og uppalinn í Matanzas á Kúbu. Hann byrjaði að dansa ballet 8 ára og vann meðal annars til silfur og gullverðlauna í International Ballet Competition í Havana. Yannier útskrifaðist sem balletdansari og kennari frá Ena háskólanum í Havana árið 2010 og var hann ráðinn sem dansari í Ballet de Camaguey. Árið 2011 var hann valinn af stórum hóp dansara til að dansa í Ballet Revolucion og dansaði hann með þeim um gervallan heim. Yannier hefur verið á Íslandi síðan 2013, kennt ballet í Klassíska listdansskólanum, Listdansskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og FWD Youth Company. Þá hefur hann einnig dansað í sýningum í Borgarleikhúsinu, með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu og söngvakeppni sjónvarpsstöðvanna. Yannier hefur mikla ástríðu fyrir að byggja klassískan ballet upp á Íslandi. Hann hefur undanfarin ár verið að þróa kennsluaðferðir sem byggja mikið á sérstökum styrktaræfingum fyrir klassíska listdansara. Þá vinnur hann einnig að því að efla og styrkja stráka í ballet. Hann hefur náð gríðarlegum árangri með ungum íslenskum dansnemunum. Yannier stefnir á í samstarfi við Klassíska listdansskólann að eftir nokkur ár verði hægt að setja upp klassískar balletsýningar með íslenskum atvinnudönsurum, en hann hefur tekið fyrsta skrefið í þá átt þar sem hann fór af stað með starfsemi með klassískum undanshóp FWD Klassík í samstarfi við Dansgarðinn í janúar 2022.

Ellen Harpa Kristinsdóttir

Ellen vinnur á skrifstofu Klassíska listdansskólans og er einnig aðstoðarskólastjóri frá 2021. Ellen hóf dansnám í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 2005. Eftir það tók við eitt ár á nútímabraut í Klassíska listdansskólanum og þaðan lá leið hennar til London þar sem hún lauk BA-prófi í listdansi frá Trinity Laban, 2010. Síðan þá hefur hún skipulagt dansnámskeið og sýningar víðsvegar. Hún kennir ballet, nútímadans og skapandi dans. Árið 2018 útskrifaðist hún með MA-gráðu í Hagnýtri menningarmiðlun frá Háskóla Íslands.

Hægt er að nálgast ferilskrá stunda kennara og starfólk skólans í skólanámsskrá og á vefsíðu skólans

Starfsaðstaða og aðbúnaður kennara og nemenda

Framhaldsbraut er með aðstöðu á Grensásvegi 14, sem var tekin var í notkun í janúar 2006. Þar eru þrjú æfingasalir með speglum á veggjum, ballettstöngum og hljómflytningstækjum. Einn salurinn er tæplega 300 fermetrar að stærð með góðri aðstöðu fyrir minni danssýningar og aðra listræna viðburði eða fyrirlestra. Skólinn hefur fjárfest í sviðsljósum, sýningartjöldum og skemmtilegum vængjum til að fá betri ljósgæði og leikhúsbrag á salinn. Búningsherbergin eru þrjú og eru tveir sturtuklefar og salernisaðstaða í hverju þeirra. Í anddyri er setukrókur fyrir nemendur, móttaka, skrifstofa, salernisaðstaða, eldhús og búningageymsla.

Í könnun sem sett var fyrir framhaldsbrautina í febrúara 2021 voru 45% mjög sammála um að þau væru ánægð með aðstöðu og búnað sem skólinn býður upp á, 55% voru sammála.

Framtíðarsýn

Við erum ótrúlega stolt og ánægð með starfið í skólanum en viljum auðvitað alltaf gera betur. Hér eru nokkrir punktar yfir það sem við stefnum á að gera betur í framtíðinni.

- Laun kennara, við höfum fengið tækifæri til að hækka verktakagreiðslur þær eru þó enn ekki í takt við almennar verktakagreiðslur til álíka verkefna til kennara og til stundakennara á framhaldsbraut. Við myndum vilja geta gert betur við kennarana fyrir öll aukaverkefni sem þeir taka að sér.

- Halda áfram að byggja upp heilsu eflandi skóla. Leggja aukna áherslu á andlegu hliðina, en við urðum mikið vör við kvíða bæði eftir að framhaldsskólarnir voru styttnir en einnig eftir Covid. Hugmyndin er að hafa sérstakt teymi fyrir skólann sjúkráþjálfara og sálfræðing sem gætu unnið með framhaldsbrautinni, bæði í hópa- og einstaklingsvinnu.
- Virkja félagslíf sem hefur dottið mikið upp fyrir vegna Covid. Við höfum verið að ýta undir að það sé haldið úti nemendafélagi og foreldrafélagi í skólanum. Þar væri hægt að skipuleggja viðburði fyrir utan skólann.
Skólinn skipuleggur ferðir í leikhús sem eru hluti af náminu. Lítil tími hefur gefist í slíkt skipulag, mikil aukavinna og álag hefur verið á kennurum og stjórnendum vegna Covid. Við sjáum fyrir okkur að meiri tími fari að gefast í slíka vinnu.
- Efla samstarf við aðra skóla og stofnanir. Við erum alltaf til í samstarf og að vinna að verkefnum sem geta eflt dansinn á Íslandi.
- Að nemendur fái fleiri tækifæri til að sýna fyrir áhorfendur. Stór hluti af því að vera dansari er að sýna og það er eitthvað sem þarf að æfa og því erum við alltaf að leita að tækifærum fyrir okkar nemendur að koma fram.
-Ein hugmynd er að halda sameiginlega sýningu fyrir framhaldsbrautir skólanna þriggja sem starfa samkvæmt námskrá listdansbrautar MH.
- Vefsíða skólans er aðgengileg á íslensku og á ensku en við myndum vilja hafa hana líka á pólsku og spænsku.
- Halda áfram að efla stráka í dansi. Við vorum komin í samtal við Íslenska Dansflokkinn um að koma af stað áttakinu „Strákar dansa“ en það var síðast gert árið 2006 svo það er kominn tími á það. En vegna starfsmannabreytinga í flokknum datt verkefnið upp fyrir svo við þurfum að fara aftur á fund með þeim til að minna á þetta mikilvæga verkefni.
- Of mikill tími stjórnenda fer í búningavinnu, laga, sauma, þvo og allt sem því við kemur. Skólinn þyrfti að vera með búningahönnuð sem myndi sjá alfarið um búningavinnuna. Hér vantar aukið fjármagn.
- Aukið fjármagn í þrif, en of mikill tími stjórnenda fer í að hugsa líka um þrif til þess að spara pening fyrir skólann.

Ítarefni

Skólanámsskrá má finna hér: <https://www.dansgardurinn.is/skolanamskra>

Myndir frá vorsýningu og jólasýningu 2021



Sóló úr Paquita



Hópdans úr Paquita



Rooster með lifandi flutningi



Músakóngurinn



Hnotubrjóturinn og Klara



Snjókornin



Blómavalsinn



Sykurplómu parið

Setjum þetta á næsta ári í greinargerðina

Vorönn

Vorönn hófst 5.janúar. Árið fór brösulega af stað þar sem nánast allir nemendur og kennarar fengu Covid. Og starfsfólk var mikið fast heima með börnunum sínum þar sem leikskólar lokuðu o.s.frv. En núna er bjartara framundan og við hlökkum til að takast á við fullt af verkefnum sem bíða okkar.

Á haustönninni fengum við athugasemd frá nemendum og foreldrum að álagið í náminu væri of mikið. Þetta eru svo sem ekki nýjar fréttir, en þetta hefur verið viðloðandi vandamál eftir styttingu framhaldsskólanna. Síðustu tvö sumur höfum við geta nýtt okkur styrkinn fyrir sumarskólann og hvöttu við nemendur okkar til að nýta sér hann til að létta undir náminu með því að klára nokkra áfanga um sumarið. Við hugðumst halda áfram með sumarönnina en við ákváðum að taka aðra nálgun á þetta þar sem álagið virðist vera gífurlegt sérstaklega eftir þetta Covid tímabil. Við ákváðum því að lengja annirnar og dreifa álaginu þannig. Svo vorönn mun hefjast í byrjun janúar og ljúka í lok júní og haustönn mun hefjast í byrjun ágúst og ljúka um miðjan desember. Þetta fyrirkomulag hentar dönsurum mun betur þar sem þau taka bara einn mánuð í frí í stað þriggja.

- Í skoðana könnuninn sem við settum fyrir framhaldsnemendurnar kom fram að margir höfðu áhuga á að læra sóló bæði í klassískum ballet og nútíma/samtímadansi. Hugmyndin er að bjóða upp á sóló áfanga. Þá fá allir jöfn tækifæri til þess að læra sóló sem er einnig góður undirbúningur fyrir umsóknir í háskólanám þar sem oftast er ekki er beðið um að undirbúa sóló fyrir inntökuprófið.

Gestakennarar og fyrirlestrar

- Danssmíði áfanginn var uppbyggður á aðeins óhefðbundnari hátt en vanalega. En núna á þessari önn fáum við inn danshöfunda sem eru að vinna í bransanum að mjög ólíkum verkum til að koma inn og deila með nemendum okkar sinni aðferðafræði. Fyrsti gestakennarinn var Brogan Davison sem er fagstjóri meistaranáms í sviðslistum í LHÍ. Næst munu svo Gígja Jónsdóttir, Sigríður Soffía Níelsdóttir, Tinna Grétarsdóttir og Ernesto Camilo Aldazabal Valdes koma í tíma til þeirra. Hrafnhildur Einarsdóttir og Ellen Harpa Kristinsdóttir leiða áfangann.
- Rósa... kynna PARTS...
- Nemendur á framhaldsbraut eru að undirbúa sig fyrir Sóló keppnina og undankeppni Dance World Cup sem haldnar verða í mars og að því tilefni fáum við Margræti Láru í heimsókn með fyrirlestur um andlegan styrk.
- Höfum haft samband við sjúkrapjálfa...

Sýningar og tækifæri

- Hin árlega sýning á Safnanótt féll niður.
- Útskriftarnemendur tóku þó þátt Vetrarhátíðinni í vekefninu, Upptaktur að dansi, í Hörpu 6. febrúar. Hér er hægt að sjá viðtal við Salóme Sól Norðkvist nemanda Klassíska listdansskólans (2:10):
<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/hullumhae/30713/9jc3rl>
- Klassíski listdansskólinn tók þátt í Kynningardögum Samtaka sjálfstæðra listaskóla 21.-25. febrúar og vorum við með opið hús þann 24. febrúar, til að kynna hvað skólinn hefur upp á að bjóða fyrir nemendur á framhaldsbraut og lengra komna.
- Þann 12. mars taka 19 nemendur (þar af 9 á framhaldsbraut) Klassíska listdansskólans þátt í Sóló keppninni sem haldin verður í Borgarleikhúsinu.
- Þann 14. mars taka 30 nemendur Klassíska listdansskólans (þar af 8 á framhaldsbraut) þátt í undankeppni Dance World Cup sem haldin verður í Borgarleikhúsinu.
- 26. mars afmælishátíð FÍLD í Tjarnarbíó, nemendur af framhaldsbraut munu sýna verk og verðlaunahafar Sóló keppinnar.
- 27. mars dagur listdansskólanna haldinn í fyrsta skipti og mun Klassíski listdansskólinn aðsjálfsgöðu taka þátt í þeim degi.
- 4. apríl Sýning listdansskólanna á Barnamenningarhátíð í Eldborg.

- Þann 26.apríl verður Vorsýning skólans haldin í Borgarleikhúsinu. Þar munu nemendur sýna klassíska verkið Þyrnirós og blöndu af nútímaverkum.
- Útskriftarsýning framhaldsbrautar verður í júní.
- 25.júní munu 6 nemendur af framhaldsbraut fara til Danmerkur ásamt tveimur kennurum til að taka þátt í Mindformance, evrópsku samstarfsverkefni, þar sem ungt listafólk frá Danmörku, Íslandi, Ítalíu, Makedóníu og Serbíu koma saman til að kynnst menningu hvors annars og skapa saman. Fókus á andlega heilsu ungmenna...

Stöðumat

- Sjálfsmat fyrir nemenda verður lagt fyrir þau í mars.
- Kennaramat mun fara fram um miðja önn.
- Vorpróf munu vera haldin í byrjun maí og í júní.
- Nemendur fá skriflega umsögn í lok annar.

Útskrift

- Klassíski listdansskólinn hefur þróað prógram til að aðstoða útskriftarnemendur við umsóknir í háskólanám. Þessa önnina hafa nánast allar umsóknir verið rafrænar og því hafa nemendur tekið upp efni til að senda út í skóla og kennarar hafa aðstoðað við að undirbúa þessar umsóknir.
- 1 nemandi útskrifaðist af nútímadansbraut í desember. Áætlað er að 5 útskrifist vorið 2022. 1 af klassískri braut og 4 af nútímadansbraut.

Námskeið fyrir kennara

- Hrafnhildur Einarsdóttir og Aude Busson fara í vinnusmiðjuna „Börn í viðkvæmri stöðu“ 25.mars sem skipulögð af embætti ríkislögreglustjóra og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
- Maí byrjun fer einn kennari á undirbúningsfund í Danmörku fyrir Mindformance verkefnið

